

**Ed.**

**493. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnáamssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laganna komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

3. gr.

- a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. laganna bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
- b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 9000 krónur.

4. gr.

22. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. laganna komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

- a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. laganna komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
- b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
- e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

- a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.
- b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. laganna komi: nýbýlastjórn --- og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

a. Í stað „3500“ í 34. gr. laganna komi: 4500.

b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. laganna komi: 4500.

14. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórnna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsg. 38. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. laganna komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938 og gefa þau út svo breytt.